

RHÍ FRÉTTIR



FRÉTTBRÉF REIKNISTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS



GSM SÍMAR VERÐA INNANHÚSSÍMARI
ÞJÓNUSTUBORÐ RHÍ OPNAÐ
FIMM MILLJÓNIR INNSKRÁNINGA
KENNITÖLUR ÚR REKSTRI
NÝ ÚTGÁFA KENNSLUVEFS



Forsíðan:

Nýverið opnaði RHÍ þjónustuborð sem staðsett er á fyrstu hæðinni í Tæknigarði. Þjónustuborðinu er ætlað að auka aðgengi nemenda og starfsmanna HÍ að tölvu- og netþjónustu Reiknistofnunar.

Ljósmynd: Valberg Lárusson

FIMM MILLJÓNIR INNSKRÁNINGA

Uglan hefur heldur betur sett svip sinn á starfsemi Háskólans frá því fyrstu hlutar hennar urðu til sumarið 2001. Strax um haustið var umtalsverður fjöldi kennara farinn að setja inn námsefni og nemendur þegar farnir að spyrja hversvegna hinir kennararnir gerðu það ekki líka. Þrýstingur nemenda hefur einmitt verið stór hluti af velgengni Uglunnar eða eins og einn góður skrifstofustjóri sagði okkur þá vilja jafnvel tölvuólæsustu kennarar ekki láta það spyrjast út um sig að þeir geti ekki sett glósurar á netið. Núverandi nemendur Háskólans eru það sem tölvufólk vill gjarnan kalla fyrstu netkynslóðina. Það er að segja fyrsta kynslóðin sem ólst upp með aðgang að internetinu, eða alnetinu eins og það var nefnt á góðri íslensku.

Það kemur því ekki á óvart að Uglan er orðin sameiginlegur miðpunktur nemenda, kennara og starfsmanna Háskóla Íslands. Á hverjum degi má nú sjá upp undir 20.000 innskráningar í Uglu. Að meðaltali þýðir þetta að allir nemendur, kennarar og starfsmenn Háskólans skrái sig inn tvisvar á dag. Jafnvel á rólegustu



Notkun Uglunnar eykst hröðum skrefum.

dögum ársins þegar engin kennsla er í gangi, eins og til dæmis á sunnudegi um verslunarmannahelgi má sjá um 2.000 innskráningar. Þessi mikli fjöldi innskráninga er góð vísbending um raunverulega notkun Uglu sem í dag er orðin órjúfanlegur hluti af Háskóla upplifuninni.

Ragnar Stefán og Birgir Stefáns sem tveir saman hófu þetta verkefni og lögðu grunninn að þeirri Uglu sem við nú þekkjum segjast ekki hafa búist við að notkunin yrði svona útbreidd á þetta stuttum tíma. “Við áttum von á að vöxturinn í notkuninni myndi fara að hægja á sér uppúr júlunum 2003 en það hefur ekki gerst”, sagði Ragnar Stefán. Eftir því sem hugbúnaðardeildin bætir kerfum við Ugluna þá eykst álagið á vélarnar sem Uglan keyrir á. “Það er verið að spá í að ‘clustera’ vélar til að gera okkur kleift að keyra Uglu á mörgum vélum samtímis”.

Nú er svo komið að notendur Uglunnar hafa skráð sig inn í hana fimm milljón sinnum. Það merkilegasta við þessa fimm milljónustu innskráningu er að það eru aðeins tvö ár frá því að innskráningarnar fóru yfir einnar milljónar innskráninga markið og hafði sá áfangi tekið tvö ár. Með slíka veldisaukningu síðustu árin má velta fyrir sér hvort fjöldi innskráninga á dag fari ekki að ná fræðilegu hámarki. Ragnar Stefán telur að svo sé, en bætir við: “ég hef nú haldið það í langan tíma”.

Þannig segjast 86% starfsmanna og 89% nemenda vera ýmist “ánægðir” eða “mjög ánægðir” og aðeins 1% eru “mjög óánægðir”. Þetta verða að teljast mjög góðar fréttir fyrir Ragnar Stefán og hugbúnaðarteymið hans.

GSM símar verða innanhússímar við Háskóla Íslands

Með nýjum rammamningum milli Ríkiskaupa, Símans og Háskóla Íslands verða símtöl milli fastra síma Háskólans og GSM síma í hópáskrift Háskólans endurgjaldslaus.



Nýr samningur tryggir að símtöl milli símanúmera skráðum hjá Símanum sem teljast til hópáskriftar Háskólans verða endurgjaldslaus. Þá lækkar einnig mánaðargjald GSM símans í hópáskriftinni í 500 kr.

Einu gildir hvort eigandi GSM símans sé Háskólinn eða starfsmaðurinn sjálf-ur. Fullt verð fyrir hópáskriftina er 1000,- kr. á mánuði en af henni er veittur 50% afsláttur. Þegar upp er staðið verður heildar mánaðargjaldið vegna GSM símans 500,- kr., sem er 100,- kr. lægra en venjulegt mánaðargjald.

Símtöl milli GSM síma í þessari hópáskrift verða einnig endurgjaldslaus. **Eina skilyrðið er að GSM símanir séu skráðir í hópáskrift Háskólans og séu í viðskiptum við Símann.**

Skráning einstaklingssíma í hópáskriftina fer fram í Uglu. Sé GSM númer starfsmanns skráð aftanvið fyrirsögnina "Farsími" á forsiðu Uglu þá fer það sjálfkrafa í hópáskrift Háskólans. Númerið skráist þó ekki þar með í símaskrá Háskólans.

En samningurinn hefur víðtækari áhrif. Með undirritun Háskólans eru öll símtöl

milli GSM síma starfsmanna og frá föstum sínum Háskólans í GSM síma annarra ríkisstofnanna, sem hafa undirritað samninginn, endurgjaldslaus.

Nokkuð hefur verið um að starfsmenn HÍ framsendi hringingar úr föstu símunum yfir í GSM símana sína, sem er í góðu lagi ef þeir eru skráðir í hópinn. Þetta fyrirkomulag hentar ekki síst starfsmönnum HÍ sem eru með fleiri en eina starfsstöð, t.d. skrifstofu, kennslustofu og verklega aðstöðu, eða eru einfaldlega að vinna úti í mörkinni.

Það er að sjálfsögðu starfsmönnum í sjálfsvald sett hvort þeir skrái sína eigin GSM síma í hópinn. Rétt er að taka fram að ekki er endurgjaldslaust að hringja í fasta síma utan Háskólans, en þó er 15% afsláttur á símtölum rammamningsaðila.

Reiknistofnun hefur unnið að þessu frá því árið 1997 og hefur Síminn nú fallist á fyrrgreint fyrirkomulag með þeim ávinningi að fá sem flesta GSM áskrifendur.



GSM númerið sem kemur fram á forsiðu notenda Uglu (www.ugla.hi.is) er jafnframt skráð í hópáskrift Háskóla Íslands. Athugið að hópáskriftin stendur viðskiptavinum Símans einungis til boða!

KENNSLUVEFU

Nýlega var kennsluvefurinn í Uglu
gáfu er fjöldi nýjunga og eru þær he

Nýjustu skjölin


Nýjustu skjöl birtast nú í tímaröð í sérstökum ramma á forsíðu námskeiðs. Skjöl eru merkt sérstaklega ef notandi hefur lesið þau áður. Hægt er að stækka þennan lista. Nemendur geta því nú með fljótlegri hætti nálgast þau skjöl sem kennari hefur sett inn.

Öll námskeið

Öll námskeið sem nemandi er skráður í yfir misserið birtast nú í valblaðsrönd. Nemendur geta því nú með fljótlegum hætti ferðast milli námskeiða. Kennarar sjá á sambærilegan hátt öll námskeið sem þeir kenna yfir misserið.

Umræður

Umræður hafa nú verið beturbættar umtalsvert og styðja nú þræði eða hreiðrun.



UGLA - Kennsluvefur Uglu - Microsoft Internet Explorer provided by Reiknistofnun

File Edit View Favorites Tools Help

Address <https://ugla.hi.is/ku/index2.php?adgerid=forsid>

Ugla

Kennsluvefur Uglu

Forsíðan mín
Dagatalið mitt
Námskeiðin mín
Nám
Rekstrarhagfræði
Hagfræði II
Hagfræði III
Skrárnar mínar
Símaskrá nemenda
Skjalaskápur
Símerki
Stílingar
Nemendalisterfi
Kennslukönnun
HTS

Flýtleiðir

- Vetpóstur
- Hjósakrá
- Fjarneður
- Verkefnanúmer
- Vetur hi
- Gagn
- Útsetra

Upplýsingar

- Gera að upphafsliðu
- Hvert leita ég ef ég þarf hjálp?
- Kynningarefni
- Um Uglu
- Algengar spurningar
- Kennslukrá

Innskráðir notendur: 154

english

Hagfræði III

Nýjustu skjöl og tenglar [Listi]

Nafn	Ár	Dagur
VerkefniA.doc	2009	10.09.10.04
VerkefniB.doc	2009	15.09.14.57
VerkefniC.doc	2009	13.09.11.40
VerkefniD.doc	2009	10.09.12.42
VerkefniE.doc	2009	05.09.14.28
Glósur úr fyrsta tíma.doc	2009	05.09.14.27
Fyrirlesnar á netinu	2009	01.09.10.52

Helti

Heiti	Lýsing
Verkefnahópar	Hér er svæði sem hópar geta nota...
Fyrirlesnar á netinu	http://www.kennslumidafod.hi.is/
Umræða	Tilraun
Tenglar	[-]
Gætur	[-]
Verkefni	[-]
Námssetni	[-]
Kennsluáætun	[-]


Búið til: (17.03.05 9:23)
Síða skoðuð: 2970

Háskóli Íslands • Suðurgötu 1 • 101 Reykjavík • Sími

ugla

ÚTGAFA 3.1

uppfærður í útgáfu 3.1. Í þessari útgáfu eru nýjar breytingar á vefnum. Í þessari útgáfu eru nýjar breytingar á vefnum. Í þessari útgáfu eru nýjar breytingar á vefnum.



The screenshot shows the HÍ web portal interface. At the top, there is a navigation menu with items like 'Nýjustu tilkynningar', 'Nýjustu tilkynningar', 'Nýjustu tilkynningar', and 'Nýjustu tilkynningar'. Below the menu, there is a table of recent news items with columns for 'Eigandi', 'Síðast breytt', and 'Aðgangur binn'. The table contains several rows of data. To the right of the table, there is a calendar for the month of August 2004, showing the days of the week and the dates. The calendar is titled '2004 - 2005 - 2006' and 'Ágú - Sep - Okt [Í DAG]'. The current date, August 19th, is highlighted in red. Below the calendar, there is a section for 'Bókalisti' (Book List) and 'Nemendur - Algengar' (Students - Common).

Tilkynningar

Nýjustu tilkynningar birtast nú í tímaröð í sérstökum ramma á forsíðu. Tilkynningar eru merktar sérstaklega ef notandi hefur lesið þær áður. Hægt er að stækka þennan lista.

Algengar spurningar

Ný aðgerð fyrir kennara: "Algengar spurningar" birtist nú í hægri ramma og er samantekt á þeim fyrirspurnum sem borist hafa Kennslumiðstöð HÍ.

Bókalisti

Ný aðgerð fyrir nemendur: "Bókalisti" birtist nú í hægri ramma og er listi sóttur beint úr Kennsluskrá Uglu. Tengill að uppfærsluaðgerð námskeiðalýsingu birtist nú kennurum svo þeir geti uppfært námskeiðslistann eftir þörfum.

NÝTT AFRITUNARKERFI

Allt of oft heyrast fréttir af fólki sem hefur glatað margra mánaða eða ára vinnu þegar harði diskurinn hefur eyðilagst eða tölvunni verið stolið. Engin afrit eru til af gögnunum því eigandinn hafði ekki áttað sig á því að það þyrfti að afrita þau. Jafnvel fjölskyldumyndirnar hverfa af því þær voru bara til í tölvunni svo menn verða að láta sér minningarnar nægja þegar þeir rifja upp gamla tíma. Í mörg ár hefur Reiknistofnun HÍ boðið notendum upp á að geyma gögn sín á heimasvæðum í miðlægum gagnageymslum og hafa hafa þau ávallt verið afrituð reglulega. Því hefur verið hægt að endurheimta gögn sem týnst hafa, a.m.k. ef ekki er of langt um liðið síðan þau glöt-uðust.

Afritunin fyrr og nú

Áður fyrr var notast við afritunarkerfi sem samanstóðu af einni eða fleiri segulbandstöðvum og heimasmiðuðum forritum sem tóku afrit á böndin. Tölvvari þurfti að hafa hönd í bagga og sá um að skipta um bönd þegar á þurfti að halda og gat afritunin þýtt margra klukkustunda yfirsetu utan dagvinnutíma, oftast á kvöldin og um helgar.



Nýji afritunarbúnaðurinn frá Sun samanstendur af Sunfire V210 tölvu og Storeedge L100 segulbandstöð.

Fyrir um 15 árum var tekið upp afritunarkerfið Amanda (*The Advanced Maryland Automatic Network Disk Archiver*) sem fæst endurgjaldslaust og var upphaflega þróað í University of Maryland og var einn aðalhöfundur þess fyrrverandi starfsmaður RHÍ, Ólafur Guðmundsson. Þetta kerfi er mjög útbreitt um allan heim hefur dugað RHÍ fram til þessa enda hefur það ýmsa kosti umfram önnur kerfi svo sem mjög litla og einfalda umsjón en einnig nokkra galla, einkum hvað varðar vinnu og tíma sem fer í að endurheimta skrár úr afriti auk þess sem það ræður illa við mjög stór skráakerfi.

Nýtt og betra kerfi

Því var ákveðið setja upp nýtt afritunarkerfi í byrjun þessa árs. Eftir útboð var tekið tilboði frá EJS. Nýja kerfið byggir á hugbúnaði frá Veritas (NetBackup) og vélbúnaði frá Sun Microsystems sem samanstendur af tölvu af gerðinni SunFire V210 og segulbandstöð sem nefnist Sun StorEdge L100. Sú stöð getur tekið allt að 100 bönd sem hún skiptir um sjálf eftir þörfum og hefur tvö seguldrif sem hægt er að lesa eða skrifa á samtímis og er hægt að fjölga þeim í fimm. Samtals er hægt að vista í stöðinni 20 TB af óþjöppuðum gögnum og allt að 40 TB ef gögnin eru þjöppuð.

Afritunin er hluti af kerfisvistun

Afrit eru tekin sjálfvirkt á kvöldin og nóttunni og eru heildarafrit tekin á 1-4 vikna fresti eftir eðli gagna og breytingaafrit daglega. Afritin eru geymd í 1-3 mánuði en af og til eru tekin út afrit og geymd lengur. Afritun fyrir notendur er hluti af kerfisvistun sem RHÍ veitir og gjald fyrir hana hluti af kerfisvistunargjaldinu sem innheimt er fyrir starfsmenn HÍ.

magnus@hi.is

KENNITÖLUR ÚR REKSTRI RHÍ

Hér koma að vanda kennitölur úr rekstri Reiknistofnunar á liðnu ári. Að þessu sinni vekur sérstaka athygli fjölgun notenda Unix véla á milli ára en þessum notendum hefur farið fækkandi mörg undan-gengin ár. Þá er áberandi hversu mjög ADSL notendum hefur fjölgað en notendum hliðræns innhringi-búnaðar að sama skapi fækkað.

	nóv.'99	nóv.'00	nóv.'01	nóv.'02	nóv.'03	nóv.'04	nóv.'05	Breyting 04 > 05
Notendur								
Skráðir notendur	8.228	9.450	9.671	11.128	12.546	12.976	13.759	6%
Þar af nemendur	6.721	7.499	7.776	9.114	10.155	10.305	10.730	4%
Notendur Unix véla	1.813	1.117	1.272	1.189	437	292	325	11%
Tengingar Windows notenda við Unix	3.664	3.379	4.192	5.635	6.097	6.557	6.441	-2%
Hlnet								
Skilgreind tæki	2.846	3.958	4.268	4.964	6.636	7.697	8.837	15%
Í léni RHÍ	1.944	2.336	2.556	3.160	3.465	3.856	4.289	11%
Tölvupóstur								
Fjöldi pósthólf	7.026	7.538	8.224	9.920	12.546	12.976	13.759	6%
Samanlögð stærð kerfispósthólfa (GB)			25	45	150	300	669	123%
Fjöldi IMAP-tenginga (þús.)			815	1.750	3.353	4.350	6.387	47%
Fjöldi POP-tenginga (þús.)			1.221	1.363	1.792	1.542	1.358	-12%
Diskarými								
Á netþjónum (GB)	194	351	437	1.668	2.158	3.450	4.911	42%
Tölvuver								
Fjöldi tölvuvera RHÍ	13	13	13	13	18	18	18	0%
Fjöldi tölva í tölvuverum RHÍ	207	208	209	209	270	282	297	5%
Fjöldi tölva í þjónustu RHÍ			292	328	344	363	394	9%
Fjartengingar								
Innhringinotendur	752	880	850	630	406	248	134	-46%
ADSL notendur			74	180	640	1.216	1.716	41%
Flakkarar			168	257	383	518	652	26%
Þráðlaus netkort			277	1.293	2.612	4.846	6.588	36%
Notendur á stúdentagörðum			314	435	554	568	596	5%
Ugla								
Innskráningar			13.896	105.965	150.931	256.118	309.060	21%
Síðuuppflettingar á dag			15.000	50.000	65.000	103.054	117.916	14%
Fjöldi notenda			3.909	7.232	8.598	11.673	12.821	10%
Meðalfjöldi innskráninga á hvern notanda			3,55	14,65	17,56	21,94	24,11	10%
Póstlistar								
Fjöldi póstlista			163	183	108	123	137	11%



Starfsmenn Reiknistofnunar Háskóla Íslands

Þjónustuborð RHÍ á jarðhæð í Tæknigarði er opið virka daga frá kl. 08 - 16
S: 525 4222. Netfangið er: help@hi.is.



Sæþór L. Jónsson
Forstöðumaður
slj@hi.is



Katla Gunnarsdóttir
Fulltrúi
katla@hi.is



Albert Jakobsson
Deildarstjóri Notendaþjónustu
aj@hi.is



Einar Valur Gunnarsson
Notendaþjónusta
ainarv@hi.is



Finnur Þorgeirsson
Notendaþjónusta
ftth@hi.is



Anil Thapa
Notendaþjónusta
anilth@hi.is



Hulda H. Þráinsdóttir
Notendaþjónusta
huldah@hi.is



Sigurður Jarl Magnússon
Notendaþjónusta
siggij@hi.is



Sigurður Örn Magnason
Notendaþjónusta
som@hi.is



Steingrímur Óli Sigurðarson
Umsjón tölvuvera
steingro@hi.is



Ragnar Stefán Ragnarsson
Deildarstj. hugbúnaðarþróunar
ragnarst@hi.is



Páll Haraldsson
Hugbúnaðargerð
qwerty@hi.is



Baldur Eiríksson
Hugbúnaðargerð
baldure@hi.is



Sigurður Pétursson
Hugbúnaðargerð
siggi@hi.is



Valberg Lárusson
Hugbúnaðargerð
valberg@hi.is



Haraldur Valur Jónsson
Hugbúnaðargerð
haraljo@hi.is



Birgir Guðbjörnsson
Deildarstjóri netdeildar
birgir@hi.is



Ingimar Örn Jónsson
Netmaður
ingimar@hi.is



Bjarni Guðnason
Símsmiður
bg@hi.is



Magnús Gíslason
Deildarstjóri
magnus@hi.is




Elías Halldór Ágústsson
Kerfisstjóri
elias@hi.is



Anna Jonna Ármannsdóttir
Kerfisstjóri
annaj@hi.is



Jóhann B. Guðmundsson
Kerfisstjóri
johannbg@hi.is



Marius Ólafsson
Netstjóri, marius@hi.is

Magnús Atli Guðmundsson
Hugbúnaðargerð, mag@hi.is

WWW.RHI.HI.IS